

Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum

Úthlutun í janúar 2026



Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum

Janúar 2026

Útgefandi: Loftslags- og orkusjóður

Útgáfunúmer: UOS-2026:01

Umsýsla sjóðsins er í höndum **Umhverfis- og orkustofnunar**

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2

108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.orkusjodur.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Inngangur.....	4
1.1 Um styrki til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum	4
1.2 Mat og forgangsröðun verkefna.....	4
1.3 Styrkhæfi	4
1.4 Áherslur auglýsingar.....	5
1.5 Upplýsingar um umsóknir	5
2 Úthlutun styrkja.....	6
3 Ávinningur.....	6
4 Samantekt	7

1 Inngangur

1.1 Um styrki til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum

Sumarið 2025 opnaði Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis- orku- og loftslagsráðherra, sérstakt átak í styrkjum til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum með það að markmiði að draga úr orkunotkun í íslenskum gróðurhúsum.

Í júlí 2025 úthlutaði Loftslags- og orkusjóður rúmlega 118 milljónum króna í styrki til tíu garðyrkjubænda og munu verkefnin, sem snúa að tæknivæðingu og bættri lýsingu með LED lausnum, skila áætluðum orkusparnaði upp á 8,3 GWst á ári. Áætlað er að þessi sparnaður samsvari raforkunotkun 2.029 heimila eða árlegri orkunotkun 2.774 rafbíla.

Í ljósi góðs árangurs fyrri úthlutunar var ákveðið að ráðstafa aukalega 100 milljónum króna í verkefnið. Um er að ræða framhald fyrri úthlutunar sem hvetur til fjárfestinga í orkusparandi tækni og búnaði í ylrækt. Auglýst var eftir umsóknum í nóvember og umsóknarfrestur var til 15. desember 2025.

Markmið styrkjanna er að draga úr orkunotkun í gróðurhúsum og bæta orkunýtni, meðal annars með innleiðingu á LED-ljósum og öðrum orkusparandi búnaði. Með því að skipta úr hefðbundnum háþrýstilömpum (HPS) yfir í LED-lýsingu má draga úr raforkunotkun í garðyrkju um 40–60%. Slík fjárfesting skilar sér í lægri orkureikningum fyrir bændur, sparnaði í niðurgreiðslum fyrir ríkissjóð og raforkusparnaði fyrir samfélagið allt.

Um veitingu styrkja fer samkvæmt reglugerð [nr. 1566/2024](#) um Loftslags- og orkusjóð.

1.2 Mat og forgangsöröðun verkefna

1.3 Styrkhæfi

Styrkir eru veittir til framleiðenda garðyrkjuafurða sem uppfylla skilyrði 17. gr. [reglugerðar nr. 1273/2020](#) um stuðning við garðyrkju. Í henni er fjallað um skilyrði fyrir beingreiðslum vegna flutnings- og dreifikostnaðar raforku. Þar segir:

„Framleiðandi garðyrkjuafurða skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að fá beingreiðslu:

1. Að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi.
2. Að tilgreind raforka sé sérmæld og fari einungis til lýsingar plantna í gróðurhúsi til að örva vöxt þeirra.
3. Að framleiðslan sé ætluð til sölu.
4. Að ársnotkun til lýsingar sé meiri en 100 MWh á ári.“

Til að teljast styrkhæfur verður umsækjandi því að hafa hlotið beingreiðslur vegna flutnings- og dreifikostnaðar raforku á árinu 2025.

1.4 Áherslur auglýsingar

Samkvæmt auglýsingu var áhersla fyrst og fremst lögð á að styrkja verkefni sem falla að hlutverki sjóðsins og munu umsækjendur sem ekki hafa áður hlotið styrk vera í forgangi. Horft verður til eftirfarandi forgangs röðunar við úthlutun:

- Verkefni sem skila mestum orkusparnaði á hverja styrkkronu.
- Verkefni sem auka rekstrarhagkvæmni í rekstri gróðurhúss.
- Lausnir sem auka tæknivæðingu og samkeppnishæfni greinarinnar.
- Verkefni sem nýtast sem fyrirmynd fyrir aðra í greininni.
- Hvort verkefni hafi áður hlotið stuðning frá Loftslags- og orkusjóði.

1.5 Upplýsingar um umsóknir

Alls barst 21 umsókn frá jafnmörgum lögaðilum í viðbótarúthlutun vegna orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum. Sótt var um samtals 177 m.kr. og er áætluð heildarfjárfesting vegna þessara verkefna 492 m.kr.

Í heildina bárust tíu umsóknir frá aðilum sem ekki hafa hlotið beingreiðslur vegna flutnings- og dreifikostnaðar raforku á árinu 2025 og teljast þeir því ekki styrkhæfir samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Verkefnin snúa þó öll að orkusparnaði eða raforkuframleiðslu til garðyrkju.

Ellefu umsækjendur voru því metnir styrkhæfir og sóttu þeir um alls 118 m.kr. en áætlaður heildarkostnaður vegna styrkhæfra verkefna nemur 331 m.kr. Allar styrkhæfar umsóknir eru fyrir kaupum á LED-ljósabúnaði auk þess sem nokkrir sóttu um styrk fyrir kaupum á gardínukerfum samhliða ljósum.

Af þeim ellefu umsækjendum sem uppfylla ákvæði reglugerðar um styrkhæfi eru fimm sem hlutu styrk vegna orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum í júlí 2025 og sóttu nú um styrk fyrir framhaldi á orkuskiptum sinna gróðurhúsa. Verkefnin hafa gengið vel og ríkir ánægja meðal garðyrkjubænda sem lýsa miklum sparnaði í raforkunotkun og tilheyrandi kostnaði.

2 Úthlutun styrkja

Í ljósi þess hve góður árangur hefur þegar hlotist af fyrri úthlutun þessa átaksverkefnis hefur stjórn Loftslags- og orkusjóðs ákveðið að veita öllum styrkhæfum umsækjendum styrk í þessari úthlutun. Heildarúthlutun nú nemur því 118 m.kr. og er heildarkostnaður verkefna áætlaður 331 m.kr. Yfirlit yfir styrkþega, styrkuppþæðir og áætlaðan raforkusparnað má sjá í töflunni að neðan.

Tafla 1 Yfirlit yfir seinni úthlutun vegna orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum

Umsækjandi	Styrkuppþæð (kr.)	Áætlaður heildarkostnaður (kr.)	Raforkusparnaður (kWst/ári)
Dalsgarður ehf.	9.202.473	23.006.181	700.000
Espiflöt ehf	11.408.480	28.521.200	500.000
Friðheimar ehf	15.000.000	42.000.000	1.200.000
Gísli Hallgrímsson	2.762.728	6.906.820	270.000
Gufuhlíð ehf	15.000.000	37.180.000	750.000
Hörður Arnarson	9.962.000	24.905.000	500.000
Íslenskt grænmeti	15.000.000	53.000.000	1.800.000
Lambhagi ehf.	15.000.000	47.500.000	1.550.000
Sólheimasetur ses.	7.488.929	18.723.929	577.000
Starrastaðir ehf	2.182.358	5.129.754	140.000
Ylfélagið ehf	15.000.000	44.200.000	1.450.000
	118.006.968	331.072.884	9.437.000

3 Ávinningur

Áætlaður raforkusparnaður vegna þeirra ellefu verkefna sem nú hljóta styrk nemur 9,4 GWst/ári. Líkt og fyrr segir hlutu tíu verkefni styrk í fyrri úthlutun þessa átaksverkefnis sumarið 2025 og er áætlaður raforkusparnaður vegna þeirra 8,3 GWst/ári. Samanlagt má því áætla að átaksverkefnið *Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum* geti náð fram raforkusparnaði sem nemur **17,8 GWst/ári**. Það samsvarar árlegri raforkunotkun 3.900 heimila eða árlegri notkun 5.900 rafbíla.

4 Samantekt

Yfirlit yfir heildarúthlutun í átaksverkefninu *Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum* má sjá í töflunni hér að neðan.

Tafla 2 Yfirlit yfir heildarúthlutun í átaksverkefninu "Styrkir til orkusparandi aðgerða í gróðurhúsum"

	Auglýst fjármagn (kr.)	Úthlutun (kr.)	Áætlaður raforkusparnaður (kWst/ári)	Áætlaður heildarkostnaður verkefna (kr.)
Úthlutun 1 (júlí 2025)	160.000.000	118.103.771	8.320.819	333.518.449
Úthlutun 2 (jan 2026)	100.000.000	118.006.968	9.437.000	331.072.884
Samtals	260.000.000	236.110.739	17.757.819	664.591.333